

AFKOMA FYRRI ÁRSHELMINGS 2015 HELSTU NIÐURSTÖÐUR

1H 2015

- Hagnaður bankans eftir skatta var 10,8 ma. kr. á fyrri ársheimingi 2015 samanborið við 14,7 ma. kr. á sama tímabili 2014 en þá voru tekjur af einkiptisliðum umfangsmeiri.
- Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi miðað við 14% eiginfjárlutfall A var 13,9% samanborið við 12,4% á sama tímabili 2014.
- Eiginfjárlutfallið er sterkt, var 28,3% (mars15: 28,4%) og eiginfjárlutfall A (Tier 1) var 25,8% (mars15: 25,7%).
- Hreinar vaxtatekjur voru 13,6 ma. kr. á fyrri ársheimingi 2015 (1H14: 13,6 ma. kr.). Vaxtamunur var 2,9% á fyrri ársheimingi 2015 (1H14: 3,1%).
- Hreinar þóknatekjur voru 6,4 ma. kr. (1H14: 5,7 ma. kr.) eða 13,2% aukning milli ára.
- Kostnaðarlutfall var 56,0% (1H14: 55,6%). Bankaskattur og einkiptiskostnaður er undanskilinn við útreikning kostnaðarlutfalls.
- Vogunarlutfall var 18,3% við lok tímabilsins, sem telst hóflegt í alþjóðlegum samanburði.
- Hlutfall lána með varúðarafskrift og lána með vanskil umfram 90 daga var 2,7% (mars 15: 3,0%).
- Heildareignir voru 976 ma. kr. (mars15: 926ma. kr.).

2F 2015

- Hagnaður bankans eftir skatta var 5,4 ma. kr. á öðrum ársfjórðungi (2F14: 6,4 ma. kr.)
- Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi miðað við 14% eiginfjárlutfall A var 12,8% á fjórðunginum (2F14: 9,3%)
- Hreinar vaxtatekjur voru 7,4 ma. kr. á öðrum ársfjórðungi (2F14: 6,9 ma. kr.)
- Hreinar þóknatekjur voru 3,5 ma. kr. á 2F15 (2F14: 2,8 ma. kr.) sem er 24,8% aukning.

Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka:


Afkoma bankans á fyrri helmingi ársins var góð. Grunnreksturinn styrktist á tímabilinu sem endurspeglast í heilbrigðum vexti útlána og innlána, sem og í þóknatekjum sem jukust um 13% milli ára. Útlán jukust um 3% frá áramótum og er það í samræmi við áætlaðan hagvöxt á tímabilinu. Ánægjulegt var fyrir bankann að hljóta hærri einkunn í fjárfestingarflokki hjá bæði Fitch og S&P.

Launakostnaður stendur í stað og mun bankinn halda áfram að vinna að hagræðingaraðgerðum til kostnaðarlækkunar. Eiginfjárlutfall bankans helst áfram sterkt sem og lausafjárstaða bankans. Það er afar mikilvægt nú þegar við horfum fram á losun fjármagnshafna. Íslandsbanki gegnir þar mikilvægu hlutverki og vinnur að þeirri áætlun með eigendum sínum og stjórnvöldum. Stefnt er að töluverðri breytingu á efnahagsreikningi bankans með rammasamkomulagi sem gert var við Glitni.


Viðskiptavinir okkar kalla í auknum mæli eftir að geta stundað bankaviðskipti hvar og hvenær sem er og við leggjum áherslu á að koma til móts við þær óskir. Íslandsbanka Appið er í dag sú dreifileið sem er í mestum vexti og er í stöðugri þróun. Það sem af er ári höfum við séð 43% aukningu virkra notenda og 37% notenda heimsækja appið að meðaltali einu sinni eða oftar á dag. Við höfum lagt áherslu á að bæta virkni Netbankans og kannanir sýna að viðskiptavinir okkar eru hvað ánægðastir meðal netbankanotenda.

Ný samfélagsskýrsla Íslandsbanka var birt í gær en skýrslan uppfyllir að fullu viðmið GRI. Í skýrslunni er farið yfir níu metnaðarfullar áherslur bankans í samfélagslegri ábyrgð. Þær snúa að ábyrgum lánveitingum, ábyrgum fjárfestingum, ábyrgum innkaupum, samgöngum, jafnrétti, fræðslu, styrkjum bankans, öryggi viðskiptavina og að lokum góðum málefnum. Bankinn er stoltur samstarfsaðili Reykjavíkurmaraþonsins sem haldið var á dögum þar sem 15.000 manns tóku þátt og söfnuðust 78 milljónir til góðra málefna.


HAGNAÐUR EFTIR SKATTA
m.kr.



ARÐSEMI EIGIN FJÁR
%



VAXTAMUNUR
%



NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA:




Fjárfestatengill – Guðbjörg Birna Björnsdóttir, ir@islandsbanki.is og í síma: 844 4752
Samskiptastjóri – Edda Hermannsdóttir, pr@islandsbanki.is og í síma: 844 4005

Rekstrarreikningur í milljónum króna

	1H15	1H14	Δ	2F15	2F14	Δ
Hreinar vaxtatekjur	13.550	13.568	(18)	7.359	6.922	437
Hreinar þóknatekjur	6.423	5.672	751	3.518	2.818	700
Hreinn gengismunur	2.039	882	1.157	275	19	256
Hreinar fjármunatekjur	(281)	(303)	22	(141)	(12)	(129)
Aðrar rekstrartekjur	541	1.380	(839)	252	267	(15)
Rekstrartekjur	22.272	21.199	1.073	11.263	10.014	1.249
Stjórnunarkostnaður	(11.932)	(11.259)	(673)	(6.109)	(5.350)	(759)
Iðgjald í Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta	(534)	(518)	(16)	(265)	(260)	(5)
Bankaskattur	(1.328)	(1.215)	(113)	(710)	(623)	(87)
Rekstrarkostnaður	(13.794)	(12.991)	(803)	(7.084)	(6.233)	(851)
Hagnaður fyrir virðisrýrnun og virðisbreytingu útlána	8.478	8.207	271	4.179	3.781	398
Virðisrýrnun og virðisbreyting útlána	4.308	5.739	(1.431)	1.977	4.219	(2.242)
Hagnaður fyrir skatta	12.786	13.946	(1.159)	6.156	8.000	(1.844)
Tekjuskattur	(2.920)	(3.550)	630	(1.524)	(2.156)	631
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	9.866	10.395	(529)	4.632	5.844	(1.212)
Hagnaður (tap) af aflagðri starfsemi	924	4.259	(3.335)	762	515	248
Hagnaður tímabilsins	10.790	14.655	(3.864)	5.394	6.359	(965)

Rekstrarreikningur

- 90% af rekstrartekjum bankans á fyrri árhelmingi er í formi vaxta- og þóknatekna, sem er í samræmi við áherslu bankans á grunntekjur og það markmið að skapa stöðugt sjóðstreymi til langs tíma.
- Vaxtamunur, reiknaður sem hlutfall hreinna vaxtatekna af meðalstöðu heildareigna var 2,9% samanborið við 3,1% á sama tíma 2014. Hækkun vaxtamunar er að mestu vegna verðbólgu.
- Verðtryggingarjöfnuður var 40,3 ma. kr. í lok júní 2015 (mars 15: 46,0 ma. kr.). Honum er stýrt með skiptasamningum, útgáfu verðtryggðra sértryggðra skuldabréfa og bundnum verðtryggðum innlánum.
- Meðalfjöldi stöðugilda móðurfélagsins var 958 á fyrri árhelmingi, sem er fækkun um 32 starfsmenn frá sama tíma 2014.
- Virðisrýrnun útlána var 1,6 ma. kr. og matsbreyting útlána var jákvæð um 5,9 ma. kr. sem gerir 4,3 ma. kr. nettó.

HREINAR VAXTATEKJUR
m.kr.

HREINAR ÞÓKNATEKJUR
m.kr.

STJÓRNUNARKOSTNAÐUR
m.kr.


Eignir (m. kr.)	30.06.2015	31.03.2015	31.12.2014
Sjóður og innstæður hjá SÍ	126.900	98.274	103.389
Afleiðusamningar	1.581	1.843	1.810
Skuldabréf og skuldagerningar	85.274	91.201	87.347
Hlutabréf og eiginfjárgæringar	11.041	11.900	10.531
Útlán til lánastofnana	52.139	40.688	35.072
Útlán til viðskiptavina	653.728	637.877	634.799
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum	612	607	570
Rekstrarfjármunir	7.600	7.521	7.402
Óefnislegar eignir	1.058	655	619
Skattaeign	45	270	521
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	15.763	21.203	21.649
Aðrar eignir	20.516	14.350	7.619
Eignir	976.257	926.389	911.328

Eignir

- Ný útlán námu 66,7ma. kr. og lán til viðskiptavina jukust um 15,9 ma. kr. á 2F2015 þrátt fyrir umtalsverðar endurgreiðslur.
- Lán til fyrirtækja hafa aukist um 5,8% frá áramótum en lán til einstaklinga hafa lækkað um 1,2%, einkum vegna skuldalækkunaraðgerða ríkisstjórnarinnar.
- Fasteignir eru nú sem áður mikilvægustu útlántryggingar bankans. Vegið meðaltal lánshlutfalls húsnæðislána var 68,1% í lok júní en 72,4% í lok mars 2015.
- Veðsettar eignir bankans voru 10,75% af heildareignum við lok fjórðungsins.
- Lausafé bankans var 248 ma. kr og er umfram kröfur eftirlitsaðila og innri viðmið.
- Basel Lausafjárhlutföll bankans (LCR) voru 151% í lok júní 2015.


Skuldir og eigið fé (m. Kr.)	30.06.2015	31.03.2015	31.12.2014
Afleiðusamningar og skortstöður	5.992	7.203	3.963
Innlán SÍ og lánastofnana	24.017	24.437	25.796
Innlán viðskiptavina	566.678	520.740	529.447
Lántaka	107.421	100.602	96.889
Víkjandi lán	20.336	20.336	21.306
Aðrar skuldir	64.804	71.441	48.440
Eigið fé	187.009	181.630	185.487
Skuldir og eigið fé	976.257	926.389	911.328

Skuldir og eigið fé

- Innlán eru áfram stærsti fjármögnunarliður bankans.
- Hlutfall innlána á móti útlánum var 83,7% (mars15: 80,3%) og hlutfall innlána viðskiptavina á móti útlánnum til viðskiptavina var 86,7% (mars14: 816%).
- Eigið fé bankans hækkaði um 3,0% í samræmi við hagnað. Með rammasamningi við Glitnir mun eiginfjárhlutfallið lækka í ca. 23%


SKIPTING REKSTRARTEKNA

%



EIGINFJÁRHUTFÖLL

%



KOSTNAÐARHLUTFALL

% (án bankaskatts og einskiptiskostnaðar)

